



Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 80. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn á fjarfundi, 18. maí 2020, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Friðrik Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hjördís Skírnisdóttir, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Laufey Guðmundsdóttir, aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Sigríður Arna Arnþórsdóttir, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Snævarr Guðmundsson, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, og Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og þjóðlendur - 1709003

Staða vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand. Vinnuhópur svæðisráðs og starfsmanna kynna tillögur að fjöldatakmörkunum í íshella. Fulltrúi útivistarsamtaka kynnir ályktun SAMÚT vegna slóða og aðgengi þeirra.

Aðstoðarmenn þjóðgarðsvarðar kynntu tillögur að fjöldatakmörkunum í íshella. Sigríður Arna kynnti ályktun SAMÚT vegna slóða á Breiðamerkursandi og aðgengi þeirra.

Starfsmenn þakka fyrir ábendingarnar og taka þær til greina við frekari vinnslu málsins. Rætt var um siglingar á Jökulsárlóni í tengslum við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Svæðisráð felur aðstoðarmönnum þjóðgarðsvarðar að klára málið í samvinnu við ráðgjafahópinn.

Ljóst er að vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand hefur tafist og ekki er ljóst hvenær vinnunni mun ljúka. Svæðisráð hvetur stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til þess að skilgreina starfsemi og þær takmarkanir sem þarf að setja varðandi skipulagðar ferðir innan þjóðgarðsins svo hægt sé að gera samninga við fyrirtæki á svæðinu sem allra fyrst.

2. Stjórnunar- og verndaráætlun VJÞ 2020 - 2023 - 1909029

Fyrir fundinum lágu breytingartillögur á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Aðstoðarmenn þjóðgarðsvarðar kynntu breytingartillögur á stjórnunar- og verndaráætlun. Svæðisráð kynnir sér tillögurnar fyrir næsta fund.

3. Breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun - leiðbeiningar - 2005016

Fyrir fundinum lágu leiðbeiningar frá Alta fyrir endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar.

Svæðisráð kynnir sér leiðbeiningarnar fyrir næstu skref í endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar.

4. Vegir og- vegslóðar Vatnajökulsþjóðgarðs - 1811001

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs beinir því til svæðisráða að hefja vinnu við að meta ástand

vega og slóða á hverju svæði þjóðgarðsins og forgangsraða varðandi þörf á viðhaldi og hvar þurfi að beita tímabundnum lokunum.

Aðstoðarmenn þjóðgarðsvarðar fóru yfir slóða og vegi á suðursvæði, stöðu þeirra og framtíðarsýn.

5. Innleiðingaráætlun atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs - 1911002

Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar kynnir nýja þjónustugátt Vatnajökulspjóðgarðs.

Ný þjónustugátt Vatnajökulspjóðgarðs var opnuð nýlega. Þar er hægt að sækja um flygilda-, rannsókn-, og kvikmyndaleyfi, auk leyfa til atvinnustarfsemi innan Vatnajökulspjóðgarðs. Þjóðgarðsverðir munu ennþá bera ábyrgð á veitingu flygilda-, rannsókn-, og kvikmyndaleyfa á sínum svæðum, en sérstök matsnefnd var stofnuð innan VJB sem fer yfir umsóknir um atvinnutengda starfsemi. Matsnefndin er skipuð þjóðgarðsvörðum eða staðgengla þeirra, auk sérfræðinga. Haft verður samband við svæðisráð og aðra starfsmenn þjóðgarðsins eftir þörfum.

Svæðisráð fagnar þessum áfanga og lýsir yfir ánægju sinni með þessa þróun í leyfisveitingum.

6. Mannauðsmál og sumarráðningar 2020 - 2004019

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um ráðningar sumarstarfsmanna, sem voru teknar saman af mannauðsstjóra.

Fundargerð ritaði: Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundi slitið kl. 12:00.